

Komið sæl

Október er á enda og nóvember að ganga í garð. Daginn er tekið að stytta og smá hret að undanfögnu búið að reka okkur til að gera okkur klár fyrir veturinn. Starfið hér í Krílakoti er í fullum gangi enda áhugasöm og námsfús börn sem hér dvelja alla daga með kennurum sem leggja mikið á sig til að gera starfið áhugavert og skemmtilegt.

Foreldrasamtöl eru nú í fullum gangi þar sem kennarar og foreldrar ræða um líðan og gengi barnanna í skólanum. Þó svo nú séu skipulögð samtöl með foreldrum þá minnum við á að foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann og geta óskað eftir samtali við starfsfólk ef það er eitthvað sem þeir hafa þörf fyrir að ræða.

Bestu kveðjur

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.



Uppbygginarstefnan

Við verðum að nálgast hvert annað með virðingu fyrir einstæðu eðli sálarinnar (Palmer, P. J, 2000)

Nemendaverndarráð

Við skólann starfar nemendaráð. Við hvetjum ykkur til að hafa samband ef þið hafa áhyggjar af líðan eða þroska barna ykkar og við munum með markvissu eftirliti stuðla að velferð barna ykkar og fjölskyldu.

Fundi nemendaverndarráðs sitja: leikskólastjóri, fulltrúi heilsugæslu, starfsmaður félagsþjónustu og kennari þeirra barna sem um ræðir. ATH: aðeins eru tekin fyrir málefni barna með samþykki foreldra.



Á grænni grein

Umhverfisnefndin hefur fundað með fulltrúum foreldra og mun fundargerðin fara á vef skólans mjög fljótlega. Á fundinum var farið yfir stöðu skólans, nýjar hugmyndir settar fram og lagðar línur að þessu skólaári. Norræni loftlagsdagurinn er þann 11.11.11 og munum við í tilefni dagsins ræða um mengun og áhrif á umhverfið. Við ætlum að fá okkur grænmeti í stað ávaxta þann dag og fræðast um ræktun. "Allt er vænt sem vel er grænt"

Fundur foreldrafélags í október

Leikskólastjóri fundaði með foreldrafélaginu þar sem farið var yfir störf félagsins og starfsreglur. Ræddar voru hugmyndir að breytingum en endanleg ákvörðun verður vel kynnt ef svo verður. Við hvetjum foreldra til að vera í góðu sambandi við fulltrúa félagsins.

Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Erna Þórey Björnsdóttir
Ívar Örn Vignisson
Kornelia Anna Klimek
Mariusz Robert Klimek
Óliver Hilmarsson
Hólmfríður Guðrún Skúladóttir
Tryggvi Kristjánsson

Brunaæfing 22. nóvember

Við munum setja brunakerfið í gang og æfa okkur í að yfingefa húsið eftir brunaáætlun skólans.



Bílastæðamál

Nú er farið að kólna og foreldrar gleyma að drepa á bílum sínum hér við Krílakot sem okkur þykir miður gott.



Við minnum á að ekki er leyfilegt að skilja eftir bíla í lausangangi á bílastæði skólans og einnig bendum við á að börn á ekki að skilja eftir ein í bíl.


Tryggjum öryggi barna okkar



Athugið

Starfsmannafundur

Þann 14. nóvember lokar leikskólinn 12:15.



Hópastarf á Skýjaborg í október



Dagur íslenskrar tungu

Þann 16. nóvember er dagur íslenskrar tungu og munum við halda daginn hátíðlegan með sögustund og börnunum er velkomið að koma með bækur vikuna 14-18 nóvember.



Heimasíðan okkar

<http://www.dalvik.krilakot.is>



Fyrirlestur um samskipti í Dalvíkurskóla miðvikudaginn
9. nóvember 2011 klukkan 17:00.

Allir velkomnir

Foreldraáðsfundur

Foreldraráðsfundur var í október þar sem leikskólastjóri fór yfir komandi skólaár. Fundargerð mun koma á vefsíðu skólans. Við hvetjum foreldra til að vera í góðu sambandi við skólann og foreldraráð og koma hugmyndum og vangaveltum á framfæri.

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Foreldraráð 2011-2012:
Guðrún Anna Óskarsdóttir
Magnús Sigurjón Guðmundsson
Klemenz Bjarki Gunnarsson
Nimnual Khaklong

Óskilamunir

Eitthvað er af fatnaði sem hefur ekki fundið sér samastað. Við hvetjum ykkur til að kíkja reglulega í körfuna í fataherbergi og kanna hvort eitthvað tilheyrir ykkur eða ykkar börnum.



Aðventan

Fyrsti sunnudagur í aðventu er þann 27. nóvember þetta árið. Já ótrúlegt en satt þá er jólavertíðin að skella á. Hér í Krílakoti munum við leggja áherslu á rólegheit, föndur, tónlist, sögulestur og bakstur. Hver deild heldur litla aðventustund hvern mánudag, kveikja á aðventukerti og fræðast um tilvist jóllanna.

Tónar eiga töframál

Tónlistarverkefnið okkar er í fullum gangi og skýrslan okkar komin á heimasíðuna. Pura fer í veikindaleyfi 23. nóvember en verkefnið mun halda áfram enda kennarar starfsfólk skólans að verða eldklárt í tónlistinni. Dagur tónlistar haldinn hátíðlegur þann 9. nóvember með tónlistarstund á Skýjaborg.



Kæru foreldrar

Mikilvægt er að foreldrar virði þann vistunartíma sem samið var um. Við erum að sjálfsgöðu tilbúin til að aðstoða ef upp koma vandræði sem þörf er að leysa og hvetjum því foreldra til að vera í sambandi.

Starfsfólk Krílakots